

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. marz 2018

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, 330. mál**

Hinn 12. marz síðastliðinn óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr á þingskjali 441.

FA skilaði atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu [athugasemdum við drög að frumvarpinu 25. ágúst 2017](#) og eru nokkur meginatriði þeirra athugasemda rakin í greinargerð frumvarpsins, svo og viðbrögð ráðuneytisins við þessum athugasemdum. FA telur jákvætt að athugasemdum hagsmunaaðila og viðbrögðum við þeim sé þannig haldið til haga.

Félag atvinnurekenda telur jákvætt að gripið sé til úrbóta í framhaldi af skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um Matvælastofnun. Flest ákvæði frumvarpsins eru til bóta, að mati félagsins. FA fagnar því þannig að heimilt verði að draga úr tíðni eftirlits hjá matvælafyrirtækjum sem hafi vottun frá faggiltum aðilum um að innra eftirlit fyrirtækisins uppfylli kröfur laga og reglna, sbr. 1. gr.

FA gerir ekki athugasemdir við að eftirlitsaðilar flokki fyrirtæki eftir frammistöðu þeirra samkvæmt niðurstöðum úr eftirliti. Félagið lagði hins vegar í athugasemdum sínum við frumvarpsdrögin áherzlu á að varlega bæri að fara er þær niðurstöður eru birtar opinberlega. Þær breytingar, sem ráðuneytið hefur síðan gert á frumvarpinu, með því að setja ákvörðun um birtingu í hendur ráðherra, koma að einhverju leyti til móts við þessar athugasemdir. Félagið leggur þó áherzlu á að ákvörðun ráðherra um birtingu þessara upplýsinga byggist á mati á því hvernig til hefur tekizt með samræmingu eftirlits og upptöku nýs kerfis frammistöðumats.


FA leggur áfram áherzlu á að tryggt verði að sú vinna, sem nauðsynleg kann að vera vegna áhættuflokkunarinnar sem frumvarpið kveður á um sem slíkrar, leiði ekki af sér hækkun eftirlitsgjalda hjá fyrirtækjum. Það væri í meira lagi öfugsnúið ef aðferðafræði, sem á að leiða til lækkunar eftirlitsgjalda hjá fyrirtækjum sem standa sig vel, myndi engu að síður í einhverjum tilvikum leiða til hækkunar kostnaðar þessara fyrirtækja af eftirliti.

Þess er ekki getið í yfirferð ráðuneytisins um athugasemdir FA við drög að frumvarpinu og tengt frumvarp um Matvælastofnun að félagið taldi nauðsynlegt að hnykkja á því í lagatextanum að ekki þurfi atbeina dýralækna hjá Matvælastofnun til að aðgæta hvort vottorð frá kollegum þeirra í öðrum EES-ríkjum fylgi innfluttri matvöru. Í verkfalli dýralækna árið 2015 neitaði Matvælastofnun að hleypa matvörum frá EES-ríkjum inn í landið, sem olli

innflytjendum milljónatjóni. FA hefur verið í samskiptum við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vegna málsins og hefur ráðuneytið tekið undir það með félaginu að Matvælastofnun hafi þarna farið á svig við lög. Ráðuneytið segist hafa gripið til aðgerða til að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig og verður FA að treysta því að þær aðgerðir séu fullnægjandi, þannig að ekki reynist nauðsynlegt að breyta lögum.

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum og ábendingum varðandi frumvarpið á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni um þessi mál.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Stephensen  
frákvæmdastjóri FA